

eruð þið góð. Þið eigið að lofa guði að gera ykkur góð — lofa honum að segja ykkur til, laga ykkur, finna að við ykkur og hjálpa ykkur eins og *hann* vill. Þá eruð þið góð, og þá verðið þið góð. Og þá verður árið ykkur gott ár.

Þið megið þá fagna árinu og *cigið* að fagna því, þó þið bekkið *bað* ekki neitt. En þið þekkð *guð*. Og þið vitið, að *hann* vill láta árið verða ykkur til góðs, og árin, hvort sem hau verða mörg *eða* fá — *guð*, sem létt Jesúm fæðast og gaf okkur hann, til þess að við öll gætum orðið góð börn hans og átt góðar vonir, sem bregðast ekki. Og til þess að árin gætu orðið okkur góð og æfin öll og eilífðin.

Fögnum þá nýja árinu í Jesú nafni.

TÍTUPRJÓNNINN.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

A miðri 18. öld var kaupmaður einn í Danzig, er hét Samuel Richter. Einlverju sinni kom fátækur drengur, tíu vетra gamal, inn í búð hans, og bað bókhaldarann um ölmusu. Bókhaldarinn var önnum kafinn og mælti: „Pú fær ekkert,” og bauð drengnum að snauta burt. „Gefið mér að eins ofur lítinn brauðbita”—mælti drengurinn; „eg hef ekki bragðað mat síðan í gær.” „Snautaðu burt”—mælti hinn. Drengurinn tók nú til að gráta, og gekk hægt fram að dyrnum.

„Hvað er um að vera?”—mælti kaupmaður og gekk fram; hafði hann séð drenginn, þar sem hann sat í skrifstofu sinni. Bókhaldarinn svaraði: „Það var drengur, sem var að biðja sér beininga,” og hélt fram vinnu sinni. Í sömu svipan beygði drengur sig niður við dyrnar og tók eiththað upp af gólfinu, og gekk hægt burt. Richter kallaði á eftir honum og mælti: „Hvað tókstu upp, drengur litli!” „Tituprjón”—sagði drengurinn grátandi, sneri sér að kaupmanni, og sýndi honum. „Og hvað ætlarðu að gjöra með harn?”—mælti kaupmaður, og horfði meðaumkvunarfullur á drenginn, sem var berfættur, og allur rifinn og tættur. „Treyjan míin er götött”—svaraði drengurinn; „eg ætla að næla saman stærsta gatið með prjóninum, það er betra en ekki neitt.” „Horfði hann um leið mjög hreinskilnislega í augu kaupmanni. „En blygðast hú þín eigi?”—mælti Richter, „að biðja þér beininga svona ungur?” „Góði herra!”—mælti drengurinn; „eg vildi heldur vinna, en eg hef ekkert numið, og eg er of lítill til að þreskja óða sagða brennivíð. Hún veslings-móðir míin er með